



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Þegar Íslendingar fögnuðu lýðveldisstofnun á Þingvöllum við Öxará ríkti bjartsýni og gleði í huga þjóðarinnar en þó voru erfiðir hjallar framundan.

Efnahagslegar undirstöður lýðveldisins voru veikburða vegna ásóknar erlendra flota í gjöful fiskimið við strendur landsins. Landhelgisstríðin voru í raun lokakaflinn í aldarlangri baráttu fyrir raunverulegu sjálfstæði og fullum rétti.

Varðskipið Óðinn hefur á vissan hátt orðið táknið fyrir sigur Íslendinga í sögulegum átökum, í þremur þorskastríðum þar sem yfirráðin yfir landhelginni voru í húfi og ríkið sem lengi hafði ráðið heimshöfunum sendi herskip sín á vettvang til að gera að engu ákvarðanir sem þjóðin hafði sameinast um.

Saga Óðins er því þjóðarsaga; hún er líka hluti af heimssögunni: hvernig litlar þjóðir náðu að sigrast á ofurefli og breyttu um leið ásýnd veraldarinnar.

Áhafnir Óðins voru þjóðhetjur þess tíma. Íbúar í öllum byggðum landsins fylgdust með ferðum skipsins. Það kom líka til bjargar þegar sjómenn börðust á strandstað eða óveður stofnuðu lífi fólks í hættu; var á vettvangi hamfaranna.

Nú hvílir þessi aldni höfðingi hafsins í friðarhöfn við Sjóminjasafnið í Reykjavík; áminning um áfanga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og leiðsögn í þeirri siglingu sem framundan er; fræðasetur fyrir nýjar kynslóðir.

Saga Óðins er því dýrmætt veganesti; bæði nú og til framtíðar.